



Gjaldskrá fyrir flutning á raforku og kerfisþjónustu

Nr. 14
Gildir frá 1. janúar 2013

1. grein

Gjaldskrá þessi gildir fyrir flutning raforku um flutningskerfi Landsnets hf.
Gjaldskrá þessi gildir einnig fyrir virkjanir sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu.

2. grein

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við um og eru notaðar í gjaldskrá þessari:

Afhendingarspenna: Sú staðalspenna (málsþenna) sem Landsnet afhendir rafmagn á.

Afhendingarstaður: Staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram.

Almanaksár: 1. janúar - 31. desember ár hvert.

Flutningskerfi: Raflínur og mannvirki þeim tengd sem eru nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna. Skil milli virkjunar og flutningsfyrirtækis eru við innkomandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtæki á því vélasþenni, eldingavara og tengingu við tengivirki. Með sama hætti eru skil milli flutningsfyrirtækis annars vegar og dreifiveitna/stórnotenda hins vegar við útgangandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins.

Skerðanlegur flutningur: Á við raforkunotkun sem Landsneti er heimilt að láta skerða vegna þeirra tilvika sem tilgreind eru í gr. 5.1 í skilmálum um skerðanlegan flutning. Skömmtun skv. 9. mgr. 9 gr. raforkulaga er hér undanþegin.

Innmötun: Rafmagn sem matað er inn á flutningskerfi eða dreifikerfi.

Stórnotandi: Notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári.

Úttekt: Það rafmagn sem viðskiptavinir taka út af flutningskerfi Landsnets, ásamt því rafmagni sem framleitt er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu.

3. grein

Afhendingarstaðir og afhendingarspenna við innmötun og úttekt raforku eru sem hér segir:

<u>Afhendingarstaðir innmötun</u>	<u>Afhendingarspenna</u>
Andakílvirkjun	66 kV
Blöndustöð	132 kV
Búrfellsstöð.....	220 kV og 66 kV
Fljótsdalsstöð.....	220 kV
Hellisheiðarvirkjun	220 kV
Hrauneyjafossstöð	220 kV
Írafossstöð.....	132 kV
Kröflustöð.....	132 kV
Lagarfossvirkjun	66 kV
Laxárstöð	66 kV
Ljósafossstöð	66 kV
Mjólkárviðvirkjun	66 kV
Nesjavellir	132 kV
Reykjanesvirkjun	132 kV
Sigöldustöð.....	220 kV
Steingrímsstöð	66 kV
Sultartangastöð.....	220 kV
Svartsengi	132 kV
Vatnsfellsstöð	220 kV

<u>Afhendingarstaðir úttektar</u>	<u>Afhendingarspenna</u>
-----------------------------------	--------------------------

Til stórnotenda:

Aðveitustöð ALCAN	220 kV
Aðveitustöð Fjarðaáls.....	220 kV
Aðveitustöð Járnblendifélagsins	220 kV
Aðveitustöð Norðuráls	220 kV
Aðveitustöð Becromal.....	132 kV
Aðveitustöð Ásbrú.....	33 kV

Til dreifiveitna:

Akranes.....	66 kV
Blanda	11 kV
Bolungarvík	66 kV
Breiðadalur	66 kV
Brennimelur.....	11 kV
Búrfell	11 kV
Dalvík	66 kV
Eskifjörður	66 kV
Eyvindará	66 kV
Fáskrúðsfjörður.....	66 kV

Fitjar.....	132 kV
Flúðir66 kV
Geiradalur	132 kV
Glerárskógar	132 kV
Grundarfjörður66 kV
Hamranes.....	132 kV
Hella66 kV
Hnoðraholt.....	132 kV
Hólar.....	132 kV
Hrútatunga	132 kV
Hryggstekkur11 kV
Húsavík.....	.33 kV
Hveragerði.....	.66 kV
Hvolsvöllur66 kV
Ísafjörður66 kV
Kópasker66 kV
Korpa.....	132 kV
Krafla.....	.11 kV
Lagarfoss.....	.66 kV
Laxá11 kV
Laxárvatn	132 kV
Lindarbrekka66 kV
Ljósafoss	11 kV
Mjólká.....	.33 kV
Neskaupsstaður.....	.66 kV
Ólafsvík.....	.66 kV
Prestbakki	132 kV
Rangárvellir	66 kV
Rauðavatn	132 kV
Rimakot66 kV
Sauðárkrókur.....	.66 kV
Selfoss66 kV
Seyðisfjörður66 kV
Sigalda.....	.11 kV
Silfurstjarna.....	.66 kV
Stuðlar66 kV
Svartsengi	132 kV
Tálknafjörður66 kV
Teigarhorn	132 kV
Þorlákshöfn.....	.66 kV
Varmahlíð.....	.11 kV
Vatnshamrar66 kV
Vegamót66 kV
Vestmannaeyjar33 kV
Vogaskeið.....	.66 kV
Vopnafjörður.....	.66 kV
Öldugata í Hafnarfirði.....	132 kV

4. grein

4.1 Flutningsgjöld¹

Innmötun:

Afhendingargjald 4.706.114 kr. á ári

Úttekt:

Dreifiveitur

Afhendingargjald 4.706.114 kr. á ári

Aflgjald 4.831.900 kr. á ársMW.

Orkugjald..... 349,88 kr. á MWst.

Stórnotendur

Afhendingargjald..... 58.311 USD á ári

Aflgjald..... 33.966 USD á ársMW.

Orkugjald..... 1,718 USD á MWst.

Gjald fyrir kerfisþjónustu og flutningstöp er ekki innifalið í flutningsgjaldi hér að ofan og er innheimt sérstaklega skv. grein 4.2.

4.2. Gjald fyrir kerfisþjónustu og flutningstöp²

Kerfisþjónusta..... 36,45 kr. á MWst

Flutningstöp..... 41,66 kr. á MWst.

- 4.3 Veittur er 5% afsláttur af afl- og orkugjaldi samkvæmt grein 4.1. Þar sem rafmagn er afhent til dreifiveitna á hærri málspennu en 66 kV.
- 4.4 Ekki er innheimt aflgjald vegna skerðanlegs flutnings enda séu skilmálar B5 um skerðanlegan flutning uppfylltir.
- 4.5 Aflgjald vegna úttektar er reiknað útfrá meðaltali fjögurra hæstu 60 mínútna mánaðarafliþoppa ársins fyrir sérhvern afhendingarstað.
- 4.6 Veittur er 17,0% afsláttur af gjaldi á kerfisþjónustu vegna skerðanlegs flutnings. Afsláttur þessi nemur kostnaði Landsnets vegna varaafis.
- 4.7 Stórnotandi sem verður að hámarki 75 MW, getur óskað eftir að fá afhenta raforku á lægri spennu en 132 kV. Um gjaldtöku fyrir slíka afhendingu gilda B9 skilmálar Landsnets.
- 4.8 Gjald fyrir umsjón með jöfnunarorkumarkaði er 2,0% af jöfnunarorkugjaldi á hverjum tíma og innheimtist það af jöfnunarábyrgðaraðila.

¹ Íslenskar reglur eru notaðar í framsetningu talna í gjaldskrá.

² Gjöld vegna tapa og kerfisþjónustu taka breytingum til samræmis við innkaup Landsnets á flutningstöpum og kerfisþjónustu.

- 4.9 Sé orka afhent beint til stórnotenda, frá virkjun sem nýtur tengingar við flutningskerfið, án þess að orkan fari um flutningskerfið og án þess að flutningskerfið taki þátt í kostnaði við tengingu notandans skal greiðsla úttektargjalds til flutningskerfis nema 60% af úttektargjaldi til stórnotenda. Heimilt er að veita frekari afslátt af úttektargjaldi ef úttekt stórnotandans er alfarið háð því að orkan komi frá virkjuninni.

5. grein

Gjöld vegna kerfisþjónustu og tapa greiðast af allri úttekt með þeirri undantekningu sem kemur fram í gr. 8.3.

6. grein

Afhendingarstaðir skulu að öllu jöfnu vera sérmældir. Þó skulu afhendingarstaðir sammældir inn á dreifiveitusvæði sem rekið er samtengt, enda geti hver afhendingarstaður annað a.m.k. $1/(n-1)*100\%$ af heildarþörf svæðisins, þar sem n er fjöldi afhendingarstaða.

7. grein

7.1 Hver viðskiptavinur greiðir afhendingargjald fyrir sérhvern afhendingarstað þó hann tengist flutningskerfinu á fleiri en einu inn- eða úttaki innan hans og mismunandi afhendingarspennu, sbr. gr. 3.

7.2 Afsláttur af afhendingargjaldi á úttekt er veittur ef hámarksaflúttekt er eftirfarandi:

Á bilinu 3,0 – 6,0 MW er veittur 40 % afsláttur.

Á bilinu 1,0 – 3,0 MW er veittur 70% afsláttur.

Ef úttekt er undir 1,0 MW er heimilt að fella afhendingargjald niður, enda verði beinn fastur kostnaður Landsnets við úttakið innheimtur í stað afhendingargjalds. Þessi kostnaður er mismunandi milli afhendingarstaða og er reiknaður sérstaklega fyrir hvert úttak undir 1,0 MW.

Hámarksaflúttekt er hæsti 60 mínútna afltoppur ársins fyrir sérhvern afhendingarstað.

7.3 Í sérhverjum afhendingarstað sem talinn er upp í 3 gr. leggur Landsnet kaupanda til eitt úttak vegna úttektar á afhendingarspennu, sem tilgreind er í grein 3. Kaupandi skal greiða allan kostnað vegna viðbótarúttaks sem hann óskar eftir, svo og vegna annarrar afhendingarspennu en tilgreind er í gr. 3 og hann kann að óska eftir.

7.4 Kaupandi skerðanlegs flutnings skal greiða allan kostnað vegna sérstaks úttaks.

8. grein

8.1 Dreifiveitur skulu greiða úttektargjald sbr. 4. gr. af orku sem framleidd er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu skv. eftirfarandi:

1 vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1,42 MW skal ekki greiða úttektargjald.

2. vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1,42–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara

hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 60% fulls úttektargjalds við efri mörkin.

3. vegna orku frá virkjun sem er 3,1–10 MW skal greiða 60% fulls úttektargjalds.

8.2 Dreifiveitur skulu greiða gjald fyrir kerfisþjónustu sbr. gr. 4.2 af þeirri orku sem framleidd er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu, og fer ekki inn á flutningskerfi Landsnets.

8.3 Gjöld skv. gr. 8 eru gerð upp sérstaklega.

9. grein

9.1 Gjaldskráin miðast við að meðal fasviksstuðull við úttekt hjá viðskiptavini í sérhverjum afhendingarstað sé ekki lægri en $\cos\phi$ 0,9, nema annað sé tiltekið í netmála eða samningum Landsnets og viðskiptavinar.

9.2 Falli meðal fasviksstuðull eins mánaðar niður fyrir þessi gildi hækkar orku- og aflgjald samkvæmt 4. grein um 2 % fyrir hvert 1% sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

10. grein

Verð á jöfnunarorku er breytilegt og ræðst af verði á markaði hverju sinni og verður birt á heimasíðu Landsnets hf.

11. grein

Gjaldskrá þessi er sett af Landsneti hf. í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun hefur sett Landsneti hf. og gildir frá og með 1. janúar 2013.

12. grein

Orkustofnun hefur eftirlit með að Landsnet hf. starfi samkvæmt lögum nr. 65/2003, með síðari breytingum og fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum og reglugerðum.